

Night Draws Near. Iraq's People in the Shadow of America's War (2005)

Bókarhöfundur: Anthony Shadid

Bókarheiti: Night Draws Near. Iraq's People in the Shadow of America's War

Gagnrýnandi: Davíð Logi Sigurðsson

Útgáfa: Henry Holt and Company (New York, 2005)

[Þess má geta að bókin var tilnefnd sem ein af bókum ársins af the Economist 8. desember s.l.]

OKKUR berast daglega fréttir af manndrápum í Írak, óhætt er að nota orðið blóðbað um þá atburði sem hafa átt sér stað í landinu síðastliðin tvö og hálf ár.

Og eftir því sem á hefur liðið hafa þær fréttir líklega hætt að vera til þess fallnar að dýpka skilning okkar á framvindu mála í Írak. Þær eru keimlíkar dag frá degi, upptalning á mannfalli dagsins.

Það kemur því vel á vöndann að nú hefur bandaríski blaðamaðurinn Anthony Shadid sent frá sér bók, *Night Draws Near: Iraq's People in the Shadow of America's War*, sem veitir einstæða innsýn inn í það hvernig málum vatt fram mánuðina eftir innrás Bandaríkjamanna í mars 2003 og hvernig venjulegir Írakar hafa upplifað atburði þá sem átt hafa sér stað frá því að Bandaríkjustjórn einsetti sér að velta stjórn Saddams Husseins í Írak.

Shadid er bandarískur blaðamaður af líbönskum ættum. Hann skrifaði áður fyrir *The Boston Globe* en starfar nú fyrir *The Washington Post* og hlaut Pulitzer-blaðamannaverðlaunin 2004 fyrir fréttatvöng sinn frá Írak. Bókin *Night Draws Near* byggir á fréttaskrifum hans en Shadid hefur tekist vel upp að setja skrif sín saman þannig að þau myndi eina heild.

Og hann kann líka þá list að skrifa góðan texta.

Shadid hefur verið að heimsækja Írak frá árinu 1998 og hefur búið þar að miklu leyti frá því fyrir innrásina 2003. Bakgrunnur hans gerir hann einstaklega hæfan til að fjalla um málefni Íraks; hann hefur langa reynslu af fréttamennsku í Mið-Austurlöndum og hann talar arabísku eins og innfæddur.

Sá kostur einn og sér gerir það auðvitað að verkum að hann hefur getað nálgast mál með öðrum hætti en flestir aðrir vestrænir blaðamenn í Írak, sem hafa orðið að treysta á túlka og sem ekki hafa myndað jafn djúpstæð tengsl við fólkið í landinu. Byggja kannski einkum á fréttum opinberra aðila, sem enga mynd geta gefið af því sem raunverulega fer fram í landinu.

Og Shadid kann að nýta sér þá sérstöðu sem hann hefur (þó að taka beri fram að auðvitað hefur hann ekki verið eini vestræni blaðamaðurinn í Írak sem talar arabísku). Bók hans er einmitt merkileg að því leyti til að hér eru Bandaríkjamenn og aðrir Vesturlandabúar í algeru aukahlutverki. Írakar eru í aðalhlutverki í þessari bók, útlendingar í landinu eru eins og vofur sem leika um einhvers staðar í bakgrunninum, eru örlagavaldar í lífi fólksins en hafa samt þegar til kemur litla stjórn á atburðarásinni. Bókin er einstæð að þessu leyti; margt af því sem skrifað er á Vesturlöndum byggir svo mun meira á upplifun Bandaríkjamanna í Írak á atburðum þar, þeirra sýn á framvindu mála. Hér er semsé komin bók sem segir atburðina út frá sjónarhóli Íraka.

Shadid byggir á kynnum sínum af venjulegu fólki í Írak, segir sögu nokkurra tilgreinda einstaklinga og fjölskyldna en vefar hins vegar þann þráð snilldarvel saman við stærra samhengi hlutanna; stórveldapólitíkina, hryðjuverkastríðið, sögu sjáa-múslíma og súnníta í Írak og síðast en ekki síst merkilega sögu Bagdad-borgar sem öðlast líf fyrir sjónum manns við lestur þessarar bókar. Eftir situr maður með þá tilfinningu að það verkefni sem Bandaríkjamenn einsettu sér að framkvæma í Írak hafi kannski ekki verið dæmt til að mistakast – en að allt frá fyrsta degi hafi þeir klúðrað málum eins rækilega og hugsast gat. Að þeir sem réðu ferðinni hafi algerlega látið hjá líðast að reyna að setja sig í spor þess fólks sem byggir Írak, skilja menningu þess, væntingar og þrár. Þar sé róta mistakanna að finna.

Greinilega kemur fram hjá Shadid að flestir Írakar voru dauðs lifandi fegnir að sjá á bak Saddam Hussein. En þeir voru alls ekkert glaðir að sjá útlenda hermenn komna inn í miðborg Bagdad; þeirrar ævafornu borgar. Í því fólst niðurlæging.

Shadid gefur í skyn að Írakar hafi velflestir verið tilbúnir til að leyfa Bandaríkjamönnum að njóta vafans í fyrstu, þ.e.a.s. að ef Bandaríkjamenn hefðu strax tekið til við að gera líf fólksins í landinu betra en það

var – og þannig standa við gefin loforð – þá hefðu hlutir ekki endilega þurft að fara eins og þeir fóru. Flestir hafi nefnilega verið argir út í Saddam – þó að fáir þyrðu að hafa orð á því. Lífsskilyrði í Bagdad voru við upphaf áttunda áratugarins að nálgast það sem þekktist í velferðarsamfélögum Vesturlanda. Tuttugu árum síðar var landið algerlega í rúst, eftir tilgangslaust stríð við Írani sem kostaði hundruð þúsunda manna lífið og síðan innrás í Kúveit sem hafði í för með sér Persaflóastríðið og síðan viðskiptaþvinganir af hálfu Sameinuðu þjóðanna.

Írakar höfðu vanist vonbrigðum, við brotthvarf Saddams glitti í vonarglætu – en ský bar óðara fyrir sólu og það húmaði að kveldi, svo ég leyfi mér að leika mér með titil bókarinnar.

Shadid gerir sem sé ítarlega grein fyrir því hvernig Bandaríkjamenn strax frá fyrstu stundu klúðruðu verkefninu sem þeir höfðu tekist á hendur, leyfðu stjórnleysi í Bagdad eftir fall Saddams sem gaf tóninn og reytti venjulega Íraka til reiði. Hvers vegna taka þeir ekki í taumana? spyrja viðmælendur Shadids í þessari bók snemma eftir fall Saddams. Hvers vegna koma þeir ekki rafmagninu í lag, hvers vegna tryggja þeir ekki öryggi á götum úti? “Saddam endurreisti infrastrúktúrinn í landinu á átján dögum [eftir Persaflóastríðinu lauk 1991],” segir ein sögupersóna í bókinni, Mohammed, við Shadid sumarið 2003. “Hversu lengi hafa Bandaríkjamenn verið hérna? Bandaríkin eru stórveldi og samt hefur ekkert gerst. Alls ekki neitt. Þar að auki ríkir alger upplausn [bls. 217].”

Vonbrigði leystu semsé þá von af hólmi sem glitti í við fall Saddams. Shadid varpar skýru ljósi á að Bandaríkjamönnum hefði mátt vera ljóst að hveitibrauðsdagar þeirra gagnvart Írökum yrðu aldrei langir. Hann gerir grein fyrir helstu áhrifavöldum, mönnum eins og sjítaklerkinum Muqtada al-Sadr sem kemur snemma til skjalanna og sem Bandaríkjamenn vanmeta illilega. Reynist hafa á bakvið sig öfluga hreyfingu sem strik hefur sett í reikninginn.

Shadid spáir engu um framhald mála, er ekki að skrifa bók sína í pólitískum tilgangi þó að hann skyrrist ekki við að leggja mat á frammistöðu Bandaríkjamanna í Írak þegar svo ber undir. En það er erfitt annað en fyllast vonleysi um framtíð Íraks við lestur bókar hans, hlutirnir gætu versnað áður en þeir fara að batna.